

Málörvun barna

Málörvun barna er í raun alltaf í gangi meðan barnið er að læra málið. „Það lærir barnið, sem fyrir því er haft“. Þessa örvun má þó framkvæma á mun markvissari hátt með því að vera meðvitaðri um þá þætti málþroskans sem þurfa meiri áherslu hjá hverju barni. Það er auðvitað einstaklingsbundið því börn eru misjöfn. Það er einnig breytilegt eftir aldri barnsins, getu og eftir því sem barninu fer fram og það þroskast. Það þarf að miða örvunina út frá stöðu hvers einstaklings á hverjum tíma.

Flest börn hafa gaman af að lesið sé fyrir þau. Vísur, þulur og söngvar eru líka ómissandi. Börn vilja gjarnan heyra sömu söguna aftur og aftur og það er nauðsynlegt, því þau læra á endurtekningunni. Þau þurfa líka að fá tækifæri til að tjá sig um söguna, myndirnar og persónurnar og velta fyrir sér innihaldinu. Með þessu móti er oft hægt að ná fram heilmikilli málnotkun hjá barninu. Það þarf að gefa sér tíma til að lesa með því og fyrir það.

Við þurfum að byggja upp og efla málþroskann með því að nota mál sem er á næsta þrepi fyrir ofan það sem barnið notar. Ef barnið segir til dæmis: „þarna er kisa“ . Þá getum við sagt: „Já þarna er grá, (lítil) kisa, með bjöllu um hálsinn.“ Svo má halda áfram að tala um kisar og hvernig þær geta verið. Athugið að þið eruð fyrirmyndin, hvernig nota má málið.

Mýmörg tækifæri, til að örva mál og málnotkun, gefast í dagsins önn ef við erum meðvituð um það og nýtum þau betur.

Við getum fjallað um grunnhugtök fyrir barnið sem er að læra þau: Litir, stærð, staðsetning, tölur.

Þessi hugtök má nota markvisst í ýmsu samhengi.

Para saman: „ég er í rauðri peysu og þú ert í rauðum buxum.“

„Ég á stóra skó og þú átt litla skó“

Flokka: allir grænu kubbararnir, rauðu, gulu.....

Fela hlut: í, undir, bak við, við hlið,.....

Kubbaleikur: Tala um liti, stærð (stærri, minni, stærstur, minnstur) staðsetningu og fjölda kubbanna þegar verið er að byggja.

Yfir-/undirhugtök: Hvað eru hnífapör, húsgögn, ávextir.....

Óteljandi slíkir möguleikar eru í leik og starfi daglega, ef við erum meðvituð um málið og allir hafa gott og gaman af.